

**Ráðherra, alþingismenn,
ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir!**

Frá því við höldum síðasta aðalfund hefur fjölmargt á fjörur ykkar drifið.

Við eignuðumst:

- Trillkarl ársins, sem tók við viðurkenningu þeirrar nafnbótar úr hendi forsetafrúarinnar Elizu Jean Reid.



Axel Helgason smíðaði sjálfur bát sinn Sunnu Rós og kláraði 2014. Sunna Rós er búin makrílveiðibúnaði sem Axel smíðaði og er eftirtektarvert hve einfaldur, léttur og afkastamikill hann er. Auk þess er hugsað fyrir öryggi sjómannsins um borð því krókar makríslóðanna eru að mestu leyti utan og

aftan á bátnum.

Sunna Rós var með aflagæstu makrillbátunum 2016 þrátt fyrir Axel hafi verið einn um borð.

- Þorvaldur Gunnlaugsson eigandi Áspórs RE, formaður Smábátafélags Reykjavíkur og stjórnarmaður í LS var sæmdur heiðursviðurkenningu úr hendi umhverfisráðherra fyrir góða umgengni um hafið, fyrirmyndarstarf í úrgangsmálum og framsækna hugsun varðandi nýja orkugjafa til sjós.



Yfir þessum viðurkenningum erum við stolt. Rósin í hnappagat þeirra sem þær hljóta og Landssambands smábátæigenda sem þeir hafa ásamt um eitt þúsund annarra smábátæigenda þjappað sig um.

Til hamingju Axel og Þorvaldur.

„Það gefur á bátinn við Grænland“ eins og segir í Sjómannavalsinum eftir Kristján frá Djúpalæk. Í hönd fara kosningar til Alþingis. Kosnir verða 63 Örn Pálsson

aðilar til að setja lög og reglur næstu 4 árin. Í kosningabaráttunni er veiðigjald og uppboðsleið mikið milli tannanna á fólki. Ekki er að sjá á skoðanakönnunum að kjósendur vilji miklar breytingar þar á. Reglum um veiðigjald hefur verið breytt þannig að það tekur mið af tveggja ára gamalli afkomu útgerðar og vinnslu. Hver einasta fisktegund hefur sinn verðmiða sem útgerðaraðilar, sem veiða þær, greiða í sameiginlegan sjóð okkar Íslendinga. Hér er um viðbótargjald við almenna skatta og gjöld sem lögð eru á önnur fyrirtæki. Gjaldið er réttlætt sem greiðsla til þjóðarinnar fyrir nýtingu á sameiginlegri eign hennar nýttastofnum sjávar. Smábátæigendur eru ekki andvígir veiðigjaldinu. Þeir kalla hins vegar eftir breytingum sem tekur mið af afkomunni í nærtíma og að þeir sem ekki hafa vinnslu á bakvið sig greiði lægra gjald.

Í umræðunni um gjald af nýtingu á eigum almennings er nánast einblínt á sjávarútveginn, eins og nýttastofnar sjávar séu þeir einu sem rukka má fyrir að vera nýttir. Mér finnst vanta heildarstefnumótun fyrir þetta málefni og er ekki einn um það. Hvað með auðlindir á landi – orkuna okkar og náttúruperlur og ekki má gleyma landinu - sjálfu Íslandi - svo dæmi sé tekið.

Margar þjóðir taka gjald fyrir það eitt að fólk kemur í heimsókn til þeirra. Meðal þeirra eru Bandaríkin, Rússland og Kúba. Við sem ferðumst til þessara landa þykir þetta ekki óeðlilegt þar sem aðdráttarafli þeirra er mikið. Svo er einnig um eyjuna okkar Ísland. Gert er ráð fyrir að gegnum Keflavíkurflugvöll fari 9 milljónir farþega á næsta ári. Þriðjungur þeirra ætlar að dvelja hér í nokkra daga. Eigum við ekki að færa umræðuna þangað – veiðigjald er í farvegi, en landgjald hefur enn ekki verið innheimt ef undan er skilinn hlægilega lágur gistináttaskattur. Stjórnámálamenn ég kalla til ykkar, Örn Pálsson

Þeir ferðapjónustuaðilar sem fara með hópa vítt og breitt um landið eiga ekki síður að greiða gjald fyrir afnot af auðlindinni en sjávaútvegurinn:

- Greiða fyrir að fá að fara með hópa inn í þjóðgarða landsins
- Greiða fyrir að selja í ferðir til að skoða Gullfoss


Svo dæmi séu tekin og eins og ég nefndi áðan, fyrir að koma til Íslands ber að greiða gjald.

Þetta eru aðeins nokkrir af þeim möguleikum sem við höfum. Nýtum okkur vinsældirnar til að fá meira fé í ríkissjóð þannig að við getum frekar bætt við velferðina heldur en skorið hana við trog. Ég er sannfærður um að þessir þættir hefðu jákvæð áhrif á ímynd lands og þjóðar.

Fiskverð er ætíð á vörum félagsmanna. Því miður hefur þróun verðs á mörkuðum og í beinum viðskiptum ekki verið ykkur í hag. Á fyrstu átta mánuðum þessa árs er verð lægra en á sama tímabili í fyrra.

- Í beinum viðskiptum er lækkunin 9,6%.
- Sala á fiskmarkaði er í ár að meðaltali 7,8% lægra.

Þegar leitað er skýringa á þessu eru nefnd tvö atriði. Styrking krónunnar og erfiðleikar á Nígeríumarkaði fyrir hausa og hryggi. Myndin hér er sláandi en hún er unnin upp úr nýjustu tölum Hagstofunnar á aflaverðmæti þorsks janúar – maí 2015 og 2016. Verðið í maí sl. er 13,3% lægra en í sama mánuði 2015.



Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að söluaðilum á ferskum þorski hefur tekist að selja meira og fá hærra verð en nemur styrkingu krónunnar. Það sýna tölur frá Hagstofunni fyrir fyrstu átta mánuðina miðað við sama tímabil í fyrra. Eftirspurn er greinilega eftir þorskinum ferskum.

Samanburður: Janúar – ágúst 2016 og 2015

- Útflutningsverðmæti á ferskum þorski jókst um 25,4%.
- Meðalverð á hvert kílógram lækkaði aðeins um 1,8%.
- Langmest var aukning á útflutningi til Frakklands 47% en þangað fór tæpur helmingur alls magnsins.
- Fyrstu átta mánuði ársins er meðaltal gjaldmiðla lægra en á sama tíma og í fyrra.

▪ GBP	-14,5%
▪ USD	-6,7%
▪ EUR	-6,5%

Veiðiheimildir á færri hendur

Í júní árið 2013 ákváðu stjórnvöld að breyta stærðarviðmiðun krókaaf-
marksbáta. Stærðarmörkin voru færð úr 15 brt í 30 brt þannig að lengd báts
næði að 15 metrum. Ákvörðunin var gerð í óþökk Landssambandsins en að
kröfu örfárra aðila, sem farið hafa í skrefum um stjórnkerfi fiskveiða án þess
að byggja ákvörðun sína á hagsmunum heildarinnar. Og það sem meira er
þá hafa stjórnvöld keypt kaleikinn. Tekið hagsmuni færri fram yfir heildina
og þá ekki látið sig muna um að ganga þvert á yfirlýsingar sem þeir hafa
gefið.

Afleiðingar þessa eru m.a. þær að gríðarlegt ójafnvægi hefur myndast milli
þeirra sem eru með þessa stærri báta og hinna. Það lýsir sig einna helst í
möguleikum til fyrirgreiðslu í kaupum á veiðiheimildum. Nánast ekki hlustað
á menn sem eru með undir 200 tonnum og vilja bæta við sig.

Í umsögn LS til atvinnuveganefndar Alþingis 16. júní 2013 um
stærðarmörkin segir þetta:

*„LS ítrekar fyrri umsagnir sínar¹ um sama efni og ítrekar
þar sérstaklega sjónarmið sitt um að breytingar sem
þessar geta leitt til óæskilegrar samþjöppunar í
krókaafلامarkskerfinu og þar með einsleitari
útgerðarflóru.“*

Það sem LS varaði við hefur gengið eftir. Inn í krókaafلامarkið hafa komið
sér fyrir stór útgerðarfyrirtæki með vinnslu sem eiga sér enga sögu í útgerð

¹ Umsögn LS til atvinnuveganefndar dags. 23. febrúar 2013
Örn Pálsson

smábáta. Bátarnir gerðir út þar sem eigandinn er ekki sjálfur um borð gagnstætt því sem hefð er fyrir í smábátaútgerðinni. Veiðiheimildir nægar til að fiska 2.000 tonn.



LS var um tíma bjartsýnt á að ríkisstjórnin mundi vinna gegn samþjöppun þegar fv. forsætisráðherra sagði eftirfarandi í stefnuræðu sinni 8. september 2015.:

„Í sjávarútvegi munum við leggja áherslu á að halda áfram að byggja upp fiskistofna og stuðla að aukinni verðmætasköpun en vinna um leið gegn samþjöppun í greininni og því að viðhalda störfum í byggðarlögum um allt land.“

Þróunin heldur áfram. Það eru sífellt færri bátar sem hafa aflahlutdeild sem gerir þeim kleift að gera út. Ein leiðin til að sporna við þessari þróun er að auka hlut strandveiða og gefa afslátt af veiðigjaldi hjá þeim sem ekki eru með vinnslu.

En víkjum þá að þróuninni sem flæðir yfir okkur:

Fjöldi báta með hlutdeild í krókaafلامarkskerfinu er kominn niður í 277, þeim hefur fækkað um 77 frá því stækkunin var heimiluð eða um fjórðung. Á sama tíma voru 50 efstu bátarnir komnir með 80,5% samanlagða hlutdeild í þorskígildum.



Þá hefur fjöldi báta sem veiða í krókaafلامarkskerfinu fækkað um 79 á síðustu þremur fiskveiðiárum, úr 638 í 559.

Þróun sem þessi er áhyggjuefni og leitt að ekki hafi orðið efndir á orðum forsætisráðherra.

Kosningar til Alþingis

Það hefur ekki farið fram hjá neinum hér inni að kosið verður til Alþingis eftir rúmar 2 vikur. Á fundi stjórnar LS í ágúst sl. var ákveðið að bjóða fulltrúum framboða til aðalfundar og leggja fyrir þá spurningar um það sem brennur á smábátæigendum. Valin voru þrjú málefni:


- Strandveiðar - afstaða til kröfunnar um samfelldar strandveiðar
- Veiðigjöld - afstaða til kröfu um afslátt á veiðigjald fyrir útgerðir sem jafnframt hafa vinnslu
- Makrílveiðar – afstaða um að gefa makrílveiðar færabáta frjálssar

Strandveiðar


Það fór ekki milli mála að strandveiðin var stunduð af kappi á sl. sumri.

Bátum fjölgaði milli ára eftir árlega fækkun frá 2012.

Fjöldi báta á strandveiðum



Heildarfjöldi veiðidaga



Sjávarútvegsráðherra olli óróa hjá smábátæigendum við upphaf veiðanna með því að koma undan felldi með tilskipun sem gekk þvert á vinnureglu sem skapast hafði. Í stað þess að deila aflaviðmiðun hlutfallslega jafnt milli svæða, ákvað hann að 400 tonn sem bætt var við mundi öll fara á svæði A og ekki nóg með það heldur ákvað hann að flytja 200 tonn af svæði D. Ráðherra skýrði ákvörðun sína með því að hann væri að tryggja að allar veiðiheimildir mundu nýtast. Slíkt hafði þó alltaf gerst með því að heimila auka daga í ágúst þegar ljóst var að svæði D mundi ekki ná heimildum.

Við ákvörðun ráðherra spratt fram mikil reiði í hans garð, sem magnaðist enn meir þegar bátum hafði fjölgað á svæði D og veiðiheimildir því alltof rýrar þar. Við það að forsendur sem ráðherra gaf sér gengu ekki eftir var fastlega búist við að hann mundi bæta 200 tonnum við svæði D. Það var hann hins vegar ófáanlegur til að gera, þrátt fyrir mikinn þrýsting.

Strandveiðimenn í Hrollaugi hreinlega ærðust við þetta gríðarlega óréttlæti og sögðu ráðherra þegar upp störfum, sem þeir ítrekuðu með ályktun á aðalfundi sínum 27. september. Skal engan furða þótt þungt hefði verið í mönnum þegar við blasti að veiðidögum mundi fækka mikið. Þegar upp var staðið urðu þeir innan við helmingur þess sem róa mátti 2015, fóru úr 65 niður í 32.



Hrollaugsmönnum er hér þakkað sérstaklega fyrir vasklega framgöngu þeirra í þessu máli. Þá var einnig ánægjulegt að sjá hversu fljót svæðisfélögin tóku við sér, sem sýnir vel virkni grasrótarinnar.

Ég er sannfærður um að stefnufestan sem smábátæigendur sýndu í sumar mun skila okkur árangri. Allir eru staðráðnir í að setja í forgang kröfu um að strandveiðar verði heimilaðar

- alla mánudaga,
- alla þriðjudaga,
- alla miðvikudaga,
- alla fimmtudaga

næsta sumar, strandveiðitímabilið maí – ágúst. Að öðru leyti eigi kerfið að vera óbreytt.

Strandveiðar lífgað upp á sjávarþorpun

Landssambandið hefur gert mikið úr þætti strandveiða til hinna dreifðu byggða. Einnig að þeir geta ekki selt veiðiheimildir, þeir koma aftur og aftur ár eftir ár. Hér má sjá úrklippur sem sýna það svart á hvítu

Andrés Skúlason, oddviti Djúpavogs,

Andrés segir að fyrir tíma strandveiðinnar hafi fjöldi báta sem landaði yfir sumartímann verið komin niður í fimm til sex.

„Núna eru allt að tuttugu bátar að landa hérna og það er heilmikið líf í kringum höfnina, eins og á að vera í svona sjávarþorpum. Þarna er hjartað í hverri byggð og þetta er það sem gefur þessu gildi.“

Strandveiðin setti svip á Norðurfjörð

● „Þetta hefur verið mjög líflegt og skemmtilegt sumar“

Vinsældir Norðurfjarðar helgast af því fyrst og fremst að þaðan er stutt að sækja á gjöful fiskimið í Húnaflóa og út af flóanum. „Þeir sem lengst sækja fara alla leið að Horni,“ segir Elín Agla.

Enginn afli er unninn á staðnum. Bátarnir landa á kvöldin og strax um nóttina er ekið með aflann suður. Þar er fiskurinn unninn og sendur með flugi til útlanda þar sem hann fer beint á diskinn hjá fólki.

Strandveiðimennirnir í Norðurfirði mega fara í sinn síðasta róður á mánudaginn en síðan tekur við veiðibann. „Þeir klára eftir helgina, kveðja okkur og halda síðan heim á leið. Svo koma þeir aftur næsta vor,“ segir Elín Agla.

Strandveiðimennirnir hafa sett svip á mannlífið og það verður tómlegt í Norðurfirði þegar þeir fara.



Morgunhlaðið/Árni Sæberg

Strandveiðar stöðvaðar á þremur svæðum

Síðasti veiðidagur á svæði A, sem nær frá Eyja- og Miklaholtshreppi til Súðavíkurhrepps, þetta árið er 12. ágúst. Þá verður veiðum hætt á svæðum B og C þann 13. ágúst. Samkvæmt

Ég sagði við Gissur Sigurðsson á Bylgjunni í gær að nú heyrðu þessar tilkynningar sögunni til.

Nú erum við í sannkölluðu dauðafæri. Höfum í raun allt með okkur, hver vill ekki auðga mannlíf í hinum dreifðu byggðum?

Hér á eftir munu fulltrúar framboða til Alþingis svara því hvort þeir hafi einbeittan vilja til að koma á samfelldum strandveiðum 4 daga í viku í þá 4 mánuði sem þær eru stundaðar maí – ágúst. Það er von mín að hér

myndist meirihluti fyrir kröfu LS þannig að hún komi til framkvæmda 1. maí 2017.

Frekari tölur sem tengjast strandveiðum verða ekki settar hér fram, heldur

vísa ég ykkur á heimasíðuna kassann:

STRANDVEIÐAR


Makrílveiðar smábáta slógu rækilega í gegn á nýliðinni vertíð. Aflinn endaði í 8.368 tonnum, rúmum fimmþúsund tonnum meira en í fyrra. Alls stunduðu veiðar 51 bátur og aflinn að meðaltali 164 tonn á bát. Ætla má að aflaverðmæti hafi verið rúmur hálfur milljarður. Með mestan afla var Siggi Bessa SF, alls 525 tonn. Til hamingju með það Unnsteinn.



Gríðarleg tækifæri felast í makrílveiðum smábáta. Þó markaður sé enn frekar rýr verður ekki langt í að kaupendur uppgötva gæði krókaveidds makríls og umhverfisvænleika veiðanna. Lítil olíunotkun, einstaklingsveiddur, hver og einn blóðgaður áður en hann rennur eftir leiðurunum niður í lest þar sem ískrapi umlykur hann samstundis.

Það er í raun skömm frá því að segja að stjórnvöld hafi ákveðið að kvótsetja makrílveiðar smábáta. Bátar sem veiða upp við landið þar sem óheimilt er að stunda flottrollsveiðar. Hver á að veiða makrílinn þar ef smábátum er bannað að gera það. Þegar ég hugsa til ársins 2014, árið fyrir kvótasetningu, sé ég það ljóslifandi fyrir mér að krafa LS um 16% hlut frærabáta í makrílveiðum er fyllilega réttmæt. 120 til 130 bátar eru útbúnir til veiðanna. Með sama árangri og var í sumar, hefði veiðin getað farið í 20

þúsund tonn sem jafngildir um 13% hlutdeild, kannski erum við of hógvær í kröfum okkar.

Þegar lítið er til útflutningsverðmæta á makríl undanfarin ár sést að ákvörðun stjórnvalda um fordæmingu á gjörðum Rússa hefur kostað okkur milljarða króna.





Þar sem fram hefur komið hjá stjórnvöldum að ekki komi til greina að draga stuðning við viðskiptabann á Rússland til baka, verður að gera ráð fyrir lokun markaðarins til langs tíma. Það er því mikilvægt að við spilum úr þessari stöðu sem upp er komin af mikilli skynsemi. Haga þarf veiðum samkvæmt markaðsaðstæðum, líklega þarf að draga úr veiðum á þessum þremur uppsjávartegundum, að vísu sjálfhætt með loðnuna ef marka má nýjustu fréttir frá Hafró, sem þessu nemur eða þar til vænlegur markaður til manneldis finnst. Í

þeim mikla uppgangi sem nú er í þorsk- og ýsustofnum veitir ekki af nægu æti þannig að þeir fari ekki að éta undan sér.

Grásleppuveiðar gengu vel á öllum svæðum að undanskildum

gjöfulustu svæðum gegnum tíðina; Raufarhöfn, Þórshöfn, Bakkafjörður og Vopnafjörður. Á vertíðinni 2015 lá fjórðungur allrar veiðinnar hjá þessum stöðum, en á síðustu vertíð var hlutur þeirra aðeins 12%.

Í upphafi vertíðar var tekist á um verð, en eins og svo oft áður hafði það ekki verið tilkynnt. Grásleppunefnd LS taldi ráðlegast í ljósi mikillar veiði í fyrra að fækka dögum niður í 26 þannig að veiði færi ekki yfir 10 þúsund tonnur, sem þótti hæfilegt til að ná að hreinsa upp birgðir jafnt hjá sjómönnum og framleiðendum. Það var skoðun félagsins að svo fáir dagar mundu einnig leiða til verðhækkunar.

Rétt fyrir vertíð barst hins vegar tilkynning frá fv. sjávarútvegsráðherra um seinkun vertíðarinnar til 1. apríl, ennfremur að vertíðin stæði yfir í 32 daga. Allt skipulag veiðanna gerði þó ráð fyrir 20. mars eins og verið hafði undanfarin ár. Grásleppukarlar sýndu mikla samstöðu og funduðu um stöðuna þar sem þeir samþykktu ályktanir og sendu ráðherra. Það varð úr að ráðherra gaf eftir og ákvað að vertíðin hæfist 26. mars. Hæst bar í málf lutningi grásleppuútgerðarmanna virðingarleysi sem ráðherra sýndi atvinnugreininni. Vertíðin hafði löngu verið skipulögð út frá 20. mars, t.d. hvað mannhald og fráhrarf frá öðrum veiðiskap varðaði.

32 daga veiðitími hjálpaði ekki til við verðhækkun. Verð sem komst í loftið var töluvert lægra en á síðasta ári. En eitt leiddi af öðru, því lágt verð fældi menn frá veiðum og leiddi til þess að færri fóru á veiðar en gert var ráð fyrir í áætlunum. Áætlanir um veiðmagn gekk því eftir rúmar 10 þúsund tonnur.

Ástæða er hins vegar til að berja sér á brjóst fyrir næstu vertíð, þar sem veiðar gengu ekki sem skyldi hjá Grænlandingum. Veiddu þeir aðeins 6000 tonnur sem var aðeins 60% af ætluðu magni.

Í upphafi vertíðarinnar 2017 verður staðan sú að engar tonnur eru hjá sjómönnum og birgðir hjá framleiðendum í lágmark. Það segir ef til vill sína sögu að einn framleiðandi er hér í dag að kynna sín áform sem felast í auknum innkaupum.

Samkvæmt tölum um útflutning á fyrstu átta mánuðum ársins hefur verð gefið eftir á frosinni grásleppu og hrognum, en þokast lítið eitt upp á við í kaviarnum. Líkur eru á þegar árið verður gert upp að verð á söltuðum hrognum hækki, þar sem eftirspurn hófst héðan þegar fréttir bárust af slakri veiði í Grænlandi.

Kjarasamningar

Kjarasamningur LS og sjómanna rann sitt skeið 31. janúar 2014. Segja má að frá þeim tíma hafi aðilar ræðst við og skipst á atriðum sem þeir telja að eigi að vera í nýjum samningi.

Í fyrra gerði ég það að umtalsefni hversu neikvætt það var að stærri aðilar hefðu sagt sig úr LS. Í viðræðum við stjórnvöld varðandi breytingar á lögum og reglugerðum hefur það sýnt sig að spilað er á þessa sundrunu. Hver kannast

ekki við – þið segið þetta, þeir segja hitt. Úr því ekki er samstaða verðum við að taka af skarið og framkvæma á þennan hátt.

En það er á fleiri stöðum en hjá stjórnvöldum sem þessi leikur er leikinn. Í kjaraviðræðum eru viðsemjendur okkar ekki á því að taka 15 – 30 tonna báta inn í kjarasamning LS og gildir það einu þó þeir séu á krókaafلامarki og því upphaflega í LS. Þeir segja samning SFS og sjómannasamtakanna ná yfir þá aðila – og því bætt við – enda eru þeir fæstir innan ykkar samtaka. Það vopn mundi ekki nýtast ef þeir væru innan LS.

Ég ítreka það sem ég hef áður sagt. Félagar verið velkomnir aftur heim.

En víkjum þá að kjaraviðræðunum. Aðstæður kölluðu eftir tillögum frá LS. Að lokinni strangri yfirlegu var ákveðið að koma til móts við sjómannasamtökin um kröfu þeirra að allur fiskur fari á markað með eftirfarandi:

**Við uppgjör til sjómanna skal miða við 95% af
fiskmarkaðsverði á því svæði sem landað er.**

LS treysti sér ekki til að koma með þessa kröfu fram nema að fá leiðréttingu ákveðinna atriða á móti. Staða viðræðnanna er að báðir samningsaðilar eru að skoða útspil LS. Segja má að verði hún samþykkt kemst betra skikk á markaðinn, samkeppnisstaða jafnast og laun til sjómanna hækka til lengri tíma.

Nái aðilar saman á næstunni verður samningurinn kynntur í svæðisfélögunum og greidd um hann atkvæði.

Frumvarpið sem beðið var eftir

Frumvarp um heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða – byggt á niðurstöðum sáttanefndar – samningaleið dagaði uppi hjá stjórnvöldum.

Árið 2014 bjuggust flestir við að sjávarútvegsráðherra mundi leggja fram frumvarpið eins og hann sagði í upphafi þings í september 2013. Þegar ljóst var að ekkert yrði úr því boðaði hann frumvarpið haustið 2014. Þegar það gekk ekki

eftir var fastlega reiknað með frumvarpinu vorið 2015, enda var það í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar. Upp úr miðjum febrúar tilkynnti ráðherra hins vegar að frumvarpið yrði ekki lagt fram, hvorki þá né á haustþingi. Ástæðan væri sú að ríkisstjórnin hefði ekki náð samkomulagi um hver eigi að fara með forræði yfir kvótanum.

Óvissa um hvað verður er því algjör um þessar mundir. Vinna sem hófst 2010 og nokkuð breið sátt var um að fara, að samningsbundin réttindi um nýtingu aflaheimilda taki við af varanlegri úthlutun, oft nefnd samningaleiðin. Ég er enn þeirrar skoðunar að efni þessa frumvarps muni gera umhverfið í sjávarútveginum betra og ætla því að komandi ríkisstjórn taki málið upp.

Línuúvilnun, byggðakvóti

Í lögum um stjórn fiskveiða er ákvæði um að draga 5,3% frá úthlutuðu aflamagni hverrar tegundar sem aflahlutdeild segir til um. Því skal svo varið til að mæta áföllum (skel og rækja) línuúvilnunar, strandveiða og til stuðnings byggðalögum. Samkvæmt reglugerð yfirstandandi fiskveiðiárs er viðmiðun til strandveiða óbreytt 9.000 tonn.

Samkvæmt reglugerð var línuúvilnun lækkuð í þorski úr 3.500 tonnum í 3.375 tonn, ýsan lækkaði um 70 tonn og er þá búið að skila 255 tonnum til baka af þeim þúsund sem skert var um fiskveiðiárið 2014/2015. Þá er það fagnaðarefni að inn í línuúvilnun hafi ratað þjár nýjar tegundir: langa, keila og gullkarfi.

LS mun áfram halda uppi kröfu sinni um línuúvilnun til allra dagróðrabáta. Sett verði á tvö kerfi annars vegar fyrir þá sem fá línuúvilnun í dag og hins vegar fyrir hina (beitningarvélabáta). Afli í síðarnefnda kerfið væri eftirstöðvar afla sem ekki hefur nýst til línuúvilnunar á tímabilinu á undangengnum fiskveiðiárum.

Byggðakvóti – LS mun áfram vinna að því að breyta fyrirkomulagi línuveiða þannig að hann eigi einvörðungu við dagróðrabáta. Heimildum yrði úthlutað af sveitarfélögum með ívilnun.

Með framangreindri aðferð yrði allri tortryggni um úthlutun og reglur þar um eytt, þar sem veiðiheimildir fást aðeins þegar afla er landað. Það er skoðun mín að allur afli báta sem njóta byggðakvóta eigi að vera seldur í gegnum fiskmarkaði. Við að skilyrða nýtingu byggðakvóta við dagróðrabáta vinnst fjölmargt. Þar má nefna aukin verðmæti, aukið framboð á ferskum fiski og samkeppni sem ekki er háð á jafnréttisgrundvelli leggst af.

Ákvörðun um heildarafla

Árlega ákveður sjávarútvegsráðherra hver heildarafla eigi að vera í hverri tegund. Áður en hann tekur ákvörðun hefur hann fengið tillögur frá Hafrannsóknastofnun og rætt við hagsmunaaðila. Á hverju ári hefur LS skilað inn ítarlegri umsögn og gert tillögur að heildarafla. Nú síðast hinn 14. júní sl. Þar lagði félagið til að heildarafla í þorski yrði 273 þúsund tonn.


Tillöguna byggði LS á fjölmörgum þáttum. Meðal þeirra var:

Hlutfall þess sem veitt hefur verið ár hvert úr veiðistofninum hefur á undanförmum fimm árum verið 18,8%. Verði hins vegar farið eftir tillögum LS um 273 þús. tonn mun veiðihlutfallið verða nokkru hærra. LS minnir á að inneign er svo sannarlega fyrir slíkri veiði, þ.s. bakreikningar sýna að alls 68 þús. tonn vantar upp á að veiði sl. 5 ára hafi skilað 20% af veiðistofni. Tillaga LS byggir á að helmingur þess, 34 þús. tonn, verði bætt við ráðlagðan hámarksafla Hafrannsóknastofnunar fyrir yfirstandandi fiskveiðiár.

Þessu til viðbótar styður það einnig tillögu LS að ef miðað væri við meðal-þyngd þorsks í lönduðum afla 2015, væri viðmiðunarstofn þorsks 1.365 þúsund tonn og 20% veiðihlutfall gæfi 273 þúsund tonn.

Til viðbótar við framangreint gagnrýndi LS að ekki verið gefnar upp ástæður þess að 4 ára fiskur hefði ekki þyngst sem skyldi. Það væri spá Hafrannsóknastofnunar að nú árið 2016 þegar hann hefði náð 5 ára aldri væri hann mikið undir meðalþyngd. Engar skýringar hafa fengist hvers vegna svo er. Spáin gerði það hins vegar að verkum að veiðistofn hefði ekki aukist eins og gert hefði verið ráð fyrir.

LS fundaði ítrekað með ráðherra og taldi spána fyrir þyngd 5 ára fisks ekki geta staðist. Að 5 ára fiskur 2015 hefði verið 30% þyngri en nú og meðalþyngdin nú væri sú lægsta í sögunni.



Allt kom fyrir ekki – ráðherra hefur enn ekki boðað aukningu á heildarafla í þorski sem nú er 244 þúsund tonn.

Strandveiðigjaldið – er kostnaður sem LS lætur til sín taka. Gjaldið var sett á árið 2010 og hefur íþyngt strandveiðimönnum um 240 milljónir á þeim 7 árum sem það hefur verið innheimt. Áfram verður sett fram krafa um að fá gjaldið afnumið.

Afli smábáta sá hæsti í sögunni

Afli smábáta á aflamarki, strandveiðibáta, krókaafلامarksbáta, grásleppubáta og makrílbáta hefur aldrei verið meiri.

92.818 tonn

Alls voru 1.041 bátar á bakvið þann afla – 559 í krókaafلامarki, 140 í aflamarki og 342 (664) eingöngu á strandveiðum.

Alls veiddu smábátæigendur um 58 þúsund tonn af þorski sem jafngildir 23,0% af því sem veitt var í íslenskri lögsögu.

Hlutdeild smábáta í heildarafla ýsu var 27% - 10.474. Þar af voru krókabátar með 26%.

Trillukarlar veiddu 4.212 tonn af steinbít sem jafngildir 47% hlutdeild.

Til að enda þessa talnarunu er rétt að geta þess að heildaraflaverðmæti smábáta fiskveiðiárið 2015/2016 varð 23 milljarður. Þá tölu er hægt að tvöfalda þegar litið er til útflutningsverðmæta sem skilar um 46 milljörðum.

Að venju sótti ég ársfund Gildis lífeyrissjóðs fyrir ykkar hönd og sem sjóðsfélagi. Þrátt fyrir töluverða umræðu og að stjórn eigi að gæta hagsmuna sjóðsfélaga leyfir hún sér að fjárfesta í fyrirtækjum þar sem launakjör stjórnenda eru út úr kortinu. Engin breyting hefur orðið þar á.

En dropinn holar steininn. Þrátt fyrir að málf lutningur minn á ársfundum sjóðsins afli mér ekki vinsælda og andstæðar fylkingar Samtaka atvinnulífsins og launþega sameinist um að afgreiða tillögurnar á hálfgerðu íþþoni, þá sé ég árangur.

Á ársfundinum rak ég augun m.a. í eftirfarandi:

Gildi-lífeyrissjóður á um 120 milljarða króna í 58 erlendum hlutabréfasjóðum, sérgreindu hlutabréfasafni, fasteignasjóðum, framtakssjóðum, skuldabréfasjóðum og skammtímasjóðum, auk hverfandi eignar í vogunarsjóðum sem hafa verið í söluferli í nokkur ár. Nánari útlistun er hér í töflu:

Samtals nema umsýsluþóknar og önnur fjárfestingargjöld á árinu 2015 um 0,95% af undirliggjandi eignum. Þar af eru 705 milljónir króna vegna umsýslu erlendra eigna samtryggingardeildar eða 0,6% af undirliggjandi eignum.

Ég tel það umhugsunarvert hversu dýr þessi þjónusta er. 120 milljarðar eru gríðarlegir fjármunir, 26,3% af hreinni eign sjóðsins. 705 milljónir eru það einnig, t.d. 12,3% af öllum iðgjöldum sem sjóðfélagarnir 46 þúsund greiddu á árinu 2015. Til enn frekari samanburðar nam skrifstofu- og stjórnunarkostnaður Gildi-lífeyrissjóðs 727,8 milljónum á árinu 2015.

Því miður varð árangur af ávöxtun erlendis slök - raunávöxtun neikvæð um 1%.

Á ársfundinum spurði ég sérstaklega um fjárfestingar erlendis í ljósi þess að allt útlit væri á að verið losa um gjaldeyrishöft sem verið hafa í gildi frá

upphafi hrunsins. Ég sagði það mína skoðun „að fara ætti varlega í erlendar fjárfestingar og velti því upp hvort vænlegt væri að ræða við aðra lífeyrissjóði um að sameinast um erlendar fjárfestingar. Mikil áhætta væri þarna undir og íslenskir sjóðir litlir í aljóðlegu samhengi.“

Í svari Þorsteins Víglundssonar stjórnarformanns Gildis kom fram „að sjóðurinn ætti í samstarfi við erlenda sérfræðinga varðandi erlendar fjárfestingar. Mikið væri lagt upp úr vali á samstarfsaðilum ásamt því að leggja áherslu á að lágmarka kostnað í tengslum við þessar fjárfestingar sem gengið hefðu vel.“

Svarið olli mér vonbrigðum þar sem ég tel að fjárfestingar erlendis séu afar vandasamar og því með öllu óverjandi að hver lífeyrissjóðurinn á fætur öðrum sé að krukka í sínu horni með milljarða eignir hins vinnandi manns. Ég hvet hér með forystumenn lífeyrissjóða að taka höndum saman og efna til náins samstarfs um fjárfestingar erlendis.

Ég hef ekki kynnt mér árangur annarra sjóða en Gildis á fjárfestingum erlendis, en þar á bæ var raunávöxtun neikvæð um 1% á síðasta ári.

Til frekari upplýsinga getið þið áheyrendur góðir kynnt ykkur skjáskot úr fundargerð ársfundar Gildis-lífeyrissjóðs sem ég tel, tímans vegna, ekki vera rúm fyrir hér.

Örn Pálsson óskaði eftir að taka til máls. Hann gat þess að hann taldi ársskýrslu sjóðsins vel unna og upplýsandi. Hann gat þess að gjaldeyrishöft settu sjóðnum þröngar skorður, en eignir sjóðsins erlendis voru 120 milljarðar í árslok. Taldi Örn að fara ætti varlega í erlendar fjárfestingar og velti því upp hvort vænlegt væri að ræða við aðra lífeyrissjóði um að sameinast um erlendar fjárfestingar. Mikil áhætta væri þarna undir og íslenskir sjóðir litlir í alþjóðlegu samhengi. Því var beint til stjórnarformanns að upplýsa um sína skoðun og hvort þetta hefði verið rétt.

Örn fagnaði sérstaklega fjölgun á lánum til sjóðfélaga. Hann taldi ástæðu til þess að gera enn betur og hækka veðsetningarhlutföll upp í allt að 80%. Hann spurði hvort slíkt væri mögulegt og hvort þetta hefði verið rétt á vettvangi stjórnar.

Einnig óskaði Örn upplýsinga um stöðu viðræðna um kaup á hlutabréfum í Arion banka.

Að lokum óskaði Örn eftir afstöðu stjórnarformanns og varaformanns til hugmynda Samtaka sparifjäreigenda um að lífeyrissjóðir komi á fót kjararáði.

Árni Guðmundsson svaraði fyrirspurn Arnar varðandi viðræður um Arion banka. Þessar umræður hófust í nóvember en málið hefur dregist mjög, m.a. vegna stjórnarskipta hjá viðsemjendum, og litlar viðræður farið fram í nokkurn tíma. Vonir standa til þess að viðræður verði teknar upp innan skamms.

Þorsteinn Víglundsson tók því næst til máls. Hann nefndi varðandi erlendar fjárfestingar að það hafi verið stefna sjóðsins að bæta við erlendar eignir ef kostur er, í ljósi þverrandi kosta heima fyrir, m.a. niðurgreiðslu ríkisskuldna og smáum hlutabréfamarkaði. Ekki megi gleyma því að sjóðurinn er langtímafjárfestir. Markaðir sveiflast mikið og þess vegna skiptir máli að vera með dreift eignasafn á sem flestum stöðum. Fyrir ekkert svo mörgum árum hafi erlenda eignasafnið verið kjölfestan í eignasafninu. Hvað snertir samstarf við aðra lífeyrissjóði nefndi Þorsteinn að sjóðurinn ætti í samstarfi við erlenda sérfræðinga varðandi erlendar fjárfestingar. Mikið væri lagt upp úr vali á samstarfsaðilum ásamt því að leggja áherslu á að lágmarka kostnað í tengslum við þessar fjárfestingar, sem gengið hefði vel.

Varðandi hækkun veðsetningarhlutfalls sjóðfélagalána nefndi Þorsteinn að sjóðnum væri ekki heimilt að fara umfram 75% veðsetningarhlutfall.

Hvað varðar kjararáð og það að lífeyrissjóðir komi sameiginlega að ákvörðun launakjara ædstu stjórnenda sagði hann sig ekki fylgjandi því. Slíkt samstarf gæti orðið stírt, vakið upp spurningar og

verið erfitt í framkvæmd. Sjóðurinn legði hins vegar mikla áherslu á að starfskjarastefnur væru vandaðar og að gegnsætt væri hvernig fyrirtæki starfi í þessu samhengi, þannig að hægt væri að sjá hvernig laun eru ákvörðuð og hvað þau eru há. Reglulega væri farið yfir það í stjórn hvernig þessu væri háttað. Lífeyrissjóðir eigi að sinna eftirliti en kjararáð sé ekki rétta svarið, hver sjóður um sig ætti að sinna þessu með sinni hluthafastefnu.

Harpa Ólafsdóttir varaformaður svaraði Erni varðandi kjararáð. Hún taldi sameiginlega greiningarvinnu vera mikilvæga og að slík vinna gæti til dæmis farið fram á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða. Gildi hefur verið að sinna þessum verkefnum sjálfstætt, en það gæti hins vegar verið styrkur í því að framkvæma þetta miðlægt innan vébanda Landsamtakanna.

Fleiri óskuðu ekki eftir að taka til máls undir þessum dagskrárlið. Fundarstjóri lokaði því mælendaskrá og gekk til næsta dagskrárliðar.

Á aðalfundarárinu hélt stjórn LS 4 fundi.

Ég vil hér nota þetta tækifæri til að þakka stjórnarmönnum afar gott samstarf og samvinnu, jafnframt sem ég þakka Katli Elíassyni, Óttari Má Ingvasyni og Elvari Erni Unnsteinssyni sem nú hverfa úr stjórn fyrir þeirra þátt í að efla smábátaútgerðina.

Félagsstarfsemi

Öll svæðisfélögin 16 héldu aðalfundi í september og október. Við Halldór mættum á alla fundina. Ágætt mæting var víðast hvar og sendu flest félögin frá sér ályktanir. Talsverðar breytingar urðu í stjórnnum félaganna. Á fundunum ríkti mikil eindrægni og eru menn staðráðnir í að fylkja sér um LS hér eftir sem endranær.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir fundina og góðar ábendingar sem þar komu fram.

Áfram verður haldið á þeirri braut að nýta samtakamátt okkar til afsláttar á innkaupum og lækkun kostnaðar hjá ykkur. Olíuútboðið hefur heppnast gríðarlega vel og færð félagsmönnum milljónir í lækkun kostnaðar við olíukaup. Nú eru þátttakendur að nálgast þrjúhundruð og fer fjölgandi.

Ólíuútboðið var svar LS við óeðlilegum viðskiptaháttum sem fólust í að kunngera ekki lítraverð á dælu þegar dælt var. Samstarf við Skeljung gengur vel og er unnið að fjölgun sölustaða í samstarfi við LS.

Snæfell fjölmennasta svæðisfélagið

Snæfell er stærsta svæðisfélagið innan LS með 142 báta, Klettur með 104 og Félag smábátaeigenda á Austurlandi þriðja stærsta félagið með 95 báta á bakvið sig. Frekari upplýsingar um stærð félaganna er í aðalfundarmöppunni á heimasíðunni.

Miðlun upplýsinga til félagsmanna og kynning á starfsemi LS

www.smabatar.is er mikið notað af félagsmönnum. Á tímabilinu milli aðalfunda hefur teljarinn á heimasíðunni hækkað um 225.925, það er 619 að meðaltali hvern dag ársins, sem er fjölgun um 15 að meðaltali á dag.

Á tímabilinu hafa verið birtar 236 fréttir á heimasíðunni sem eru 19 færri en á síðasta 12 mánaða tímabili. Markmiðið að hafa eina frétt á hverjum virkum degi náðist þó engu að síður.

Brimfaxi félagsblaðið okkar hefur að venju komið út tvisvar á tímabilinu, um áramót og við sjómannadag. Blaðið hefur vaxið og dafnað og efnistöð hafa fallið í góðan jarðveg. Heyrði ég það á fundum svæðisfélaganna að

mönnum líkaði blaðið einstaklega vel. Kann ég ritstjóranum Arthuri Bogasyni fv. formanni LS bestu þakkir fyrir.

Grásleppunefnd þakka ég marga góða fundi í kringum grásleppuvertíðina.

Starfsfólk

Samstarfsfólki mínu á skrifstofu LS, Oddbjörgu og Halldóri formanni, þakka ég fyrir einstaklega vel unnin störf og gott samstarf á árinu. Halldór hefur verið í fullu starfi á skrifstofunni og rækt sitt starf af stakri þryði og fórnfýsi. Það verður söknuður af brotthvarfi hans. Takk kærlega fyrir samstarfið og samveruna, alltaf gott að leita til þín sem ég er ekki í vafa um að verður um ókomin ár. Gangi þér vel minn kæri.

Ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir

Aðalfundur fær nú það vandasama hlutverk að marka braut næsta árs þar sem ég veit að vandað verður til allra verka. Mikið starf bíður fulltrúanna. Ályktanir eru alls 155, 34 fleiri en í fyrra. Meðtalin er tillaga stjórnar LS til breytinga á samþykktum félagsins.

Aðalfundurinn verður nú pappírslaus í fimmta skiptið og allar tillögur afgreiddar á tjaldinu.

Ég mun eftir fremsta megni ganga á milli nefndanna og fylgjast með störfum hér á fundinum og svara fyrirspurnum og verða mönnum innan handar.

Aðalfundarfulltrúar verið velkomnir til 32. aðalfundar Landssambands smábátæigenda. Megum við eiga kröftugan og góðan fund.

Að lokum vil ég vitna hér til tölvupóst sem mér þykir afar vænt um. Það var aðili úr stjórnslunni sem sendi mér hann á 30 ára afmæli LS.:

„Það er afdráttarlaus skoðun mín að LS hafi með starfi sínu valdið straumhvörfum, félagsmönnum sínum og íslenskum sjávarútvegi, til mikilla heilla.“

Takk fyrir gott hljóð.